
Erindi til allra sveitarfélaga vegna stefnumótunar í málaflokknum

From Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>

Date Mon 2026-07-06 15:14

Ágæta sveitarstjórn

Innviðaráðuneytið hefur ýtt úr vör vinnu við endurskoðun [stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga](#) þar sem fyrsta skrefið er gerð grænbókar um málefnið.

Í grænbók birtist stöðumat á helstu [lögbundnu verkefnum](#) og öðrum viðfangsefnum sveitarfélaga og greining áskorana og tækifæra, sem lagt verður til grundvallar endurskoðun stefnu og aðgerðaáætlunar í málaflokknum.

Óskað er eftir því að sveitarfélögin veiti upplýsingar inn í þessa vinnu og svari meðfylgjandi spurningum fyrir **21. september nk.** Ekki verður vitnað í einstaka svör sveitarfélaga í grænbókinni heldur er hvert innlegg mikilvægur þáttur í því að draga fram heildarmynd um stöðu, áskoranir og tækifæri sveitarstjórnarstigsins.

Óskað er eftir að umfjöllunin sé greinargóð en hnitmiðuð og byggji á tiltækum upplýsingum, reynslu og framtíðarsýn sveitarfélagsins.

Bent er á að sambærilegur spurningalisti var sendur til sveitarfélaga vegna stefnumótunar árið 2022 og geta sveitarfélög sem þá tóku þátt stuðst við sín fyrri svör til einföldunar. Hægt er að hafa samband við undirritaða fyrir frekari upplýsingar eða aðgang að fyrri svörum.

Loks er vakin athygli á því að sveitarfélögum mun gefast fleiri tækifæri til að hafa áhrif á stefnumótunina, m.a. með umsögnum um grænbók og síðar hvítbók/drög að stefnu í samráðsgátt stjórnvalda.

Bestu kveðjur,
Jóhanna Sigurjónsdóttir

Jóhanna Sigurjónsdóttir

verkefnastjóri / Project Manager

Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála / Department of
Local Government, Digital Infrastructure and Regional Affairs

Innviðaráðuneytið / Ministry of Infrastructure

Sölvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

www.irn.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

